

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennsluáætlun í SÁLF3ÞS05-1 - Þroskasálfræði

Lýsing:

Nemendur kynnst helstu þáttum þroskasálfræðinnar og þroskaferlum einstaklinga frá getnaði og fram á unglingsár. Fjallað er um líkamsþroska vitsmuna-, siðfræði- og tilfinningaþroska. Einnig er vikið að þroskahömlum og þær skoðaðar út frá líffræðilegu og sálfræðilegu sjónarhorni. Fjallað er um mismunandi þroskakennningar. Mótunaráhrif fjölskyldu og vina eru skoðuð og komið inn á vandamál barna og unglinga til dæmis geðræn-, tilfinningaleg-, líkamleg-, náms- og hegðunarvandamál.

Kennslubók: Þroskasálfræði eftir Aldísi Guðmundsdóttur

Forkröfur: SÁLF2IN05 eða áfangi á öðru þrepi í félagsgreinum

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- þroska mannsins út frá sálfræðilegum kenningum
- þróun máltöku
- helstu hugtökum og kenningum þroskasálfræðinnar
- framlagi þroskasálfræðinnar innan sálfræðinnar og til samfélagsins

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- miðla sérhæfðri færni með því að beita almennum og sértækum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum
- afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi
- nýta fræðilegan texta á íslensku
- miðla fræðilegu efni skýrt og skilmerkilega í ræðu og riti

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera betur í stakk búinn til að takast á við uppeldi eigin barna
- tileinka sér frekara nám/starf á sviði uppeldismála
- vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat
- meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt
- taka þátt í rökræðum um málefni sem tengjast þroskasálfræði

Námsmat:

5 próf tekin á önninni	40%
Verkenfi tengt frumkvöðlum þroskasálfræði	10%
Rannsóknarverkefni (Piaget)	10%
Námsörðugleikaverkefni	10%
Heimildaritgerð	10%
Ferilmappa	15%
Kennaraeinkunn (ástundun og mæting)	5%

Áætlun um yfirferð á önn.

22. ágúst – 7.sept. Farið yfir efni tveggja fyrstu kaflanna. Nemendur vinna og flytja verkefni um einn af frumkvöðlum þroskasálfræðinnar. Próf úr kafla 1 og 2.

10.sept – 28.sept. Farið í efni kafla 3 og 4. Rannsóknarverkefni út frá kenningum Piaget unnið og kynnt. Próf úr köflum 3 og 4.

1. - 12.okt. Farið verður í efni 5. og 6. kafla og tekið próf úr þeim köflum. Nemendur vinna verkefni um einhverja gerð námsörðugleika.

15.-16.okt. Skrap

18.-19. okt. Haustfrí

22.okt. – 2.nóv. Unnið með kafla 7 og 8 og þeirri vinnu lýkur með prófi.

5. – 20. nóv. Unnið með efni 9. kafla og próf tekið úr honum.

22. – 30.nóv. Heimildaritgerð um geðraskanir barna.

3. – 7. des. Skil á möppum og skrap.

Ath. Til að standast kröfur áfangans þurfa nemendur að ná meðaleinkunninni 4,5 úr hinum 5 prófum hans. Lokaeinkunn áfangans þarf einnig að vera að lágmarki 4,5.

Prófdagar verða tilkynntir með u.þ.b. viku fyrirvara, bæði í tímum og á Innu.

Viðtalstími kennara verður á föstudögum á Bollastöðum kl. 10:25 – 11:20.

Með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, þann 19. ágúst 2018

Kennari: Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir

Póstnetföng: Ingibjorgolof@gmail.com eða ingibjorg@fsu.is

